

**Markaðspunktur í dag:**

- Marel 3F 2011: Von á góðu uppgjöri en blikur á lofti

**Marel 3F 2011: Von á góðu uppgjöri en blikur á lofti**

Marel birtir uppgjör sitt fyrir 3. ársfjórðung 2011 þann 26. október 2011. Sögulega hefur þriðji ársfjórðungur hjá Marel verið lakari en aðrir fjórðungar m.a. vegna sumarleyfa solumanna. Greiningardeild á von á góðu uppgjöri en pantanastaða félagsins hefur aldrei verið betri en í lok 2F – spáin gerir ráð fyrir að tekjur verði um 165 milljónir evra á 3F og EBITDA verði um 24 milljónir evra eða um 14,5% af tekjum. Enn fremur spáum við að EBITDA fyrir árið í heild verði um 83 milljónir evra (að teknu tilliti til einskriptiskostnaðar á 2F 2011 vegna lífeyrissjóðsmála).

Afkomuspá						
	1F 2011	2F 2011	3F 2011s	4F 2011s	2011s	2012s
<b>Tekjur</b>	153,5	161,9	165,0	170,4	650,8	677,5
<b>EBITDA</b>	23,8	9,8	23,7	25,8	83,2	98,9
<b>% af tekjum</b>	15,5%	6,1%	14,4%	15,2%	12,8%	14,6%
<b>EBIT</b>	17,1	3,9	16,8	18,8	56,6	71,1
<b>% af tekjum</b>	11,2%	2,4%	10,2%	11,0%	8,7%	10,5%
<b>Hagnaður</b>	8,8	0,2	10,6	12,2	31,8	41,0

*Heimild: Greiningardeild Arion banka, ársstuttareikningar Marel - tölur eru í milljónum evra*

**Blikur á lofti**

Almennt hafa aðilar á markaði verið að draga úr hagsvaxtarspám sínum fyrir næstu ár. Það er mögulegt að greiningardeild endurskoði tekjувaxtarspá fyrir félagið í ljósi þess en það veltur allt á þróuninni á næstu mánuðum. Versnandi efnahagshorfur og staða á mörkuðum upp á síðkastið gætu haft áhrif á fjármögnunarskilyrði viðskiptavina Marels, þá þannig að fyrirtæki ættu erfiðara með að fjármagna verkefni sín. Greiningardeild telur ólíklegt að það muni hafa áhrif á 3F en óvíst er með 4F og svo auðvitað næstu fjórðunga þar á eftir. Þróunin á pantanastöðunni núna á 3F og framgangur mála innan efnahagskerfa Evrópu og Bandaríkjanna mun ráða því hvort þörf verður á að lækka tekjувaxtarspá fyrir þetta ár. Stálverð hefur hins vegar lækkað töluvert á 3F sem ætti að létta á rekstri félagsins og styðja við framlegð þess.

**Var 2010 undantekningin sem sannar regluna?**

Það hefur löngum farið í taugarnar á fjárfestum hvað rekstur Marels hefur skilað litlu fé. Á seinasta ári gekk stjórnendum félagsins vel að minnka veltufjárbindingu félagsins og auka það fé sem reksturinn var að skila. Þróunin hefur hins vegar verið til verri vegar m.v. stöðuna á fyrri helming ársins og því spennandi að sjá hvernig stjórnendum tekst til núna á 3F og næstu fjórðungum, þar sem þeir hafa lýst

Því yfir að þessar breytingar (minni veltufjórðing) séu komnar til að vera.

### Góður söluvöxtur það sem af er ári

Rekstur Marel gekk vel fyrstu sex mánuði ársins, en þá nam söluvöxtur félagsins tæp 20% samanborið við árið áður. Á 2F var virði nýrra pantana enn á ný umfram afgreiddar pantanir og nam pantanabókin 176 milljónum evra í lok 2F. M.v. þróunina það sem af er ári stefnir í gott ár hjá félaginu, skv. spá greiningardeildar mun tekjuvöxtur vera 11,8% m.v. kjarnastarfsemi frá fyrra ári.

#### Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kistrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

#### Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson

#### Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskýningu og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankþjónustu.

**Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið [greiningardeild@arionbanki.is](mailto:greiningardeild@arionbanki.is)**